

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. janúar 2023
UST202212-206/B.S.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – Rannsóknarborholur við Reykjanesvirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 21. desember 2022 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að bora tvær holur við núverandi vinnslusvæði og er önnur þeirra utan skilgreinds vinnslusvæðis. Markmið framkvæmdarinnar er tvíþætt. Annars vegar að bora nýja niðurdælingarholu sem ætlað er veita þrýstistuðning til að efla vatnshluta háhitakerfisins. Hins vegar að rannsaka möguleika á nýtingu utan við núverandi vinnslusvæði þar sem talið er að svokallað Miðkerfi sé nú fullnýtt og því lítill ávinningur að bora fleiri holur á sama svæði. Borun þarna gæti mögulega nýst sem vinnsluhola eða til frekari niðurdælingar til að ná betra jafnvægi í kerfinu milli vinnslu annars vegar og náttúrulegs innflæðis og niðurdælingar hins vegar.

Aðkoma að borholunum verður frá Reykjanesvitavegi og eru aðkomuleiðir stuttar en aðrar framkvæmdir eru hefðbundnar s.s. gerð borteigs og lagningu skolvatnslagnar. Önnur holanna verður boruð frá borteig sem þegar er til staðar. Í gildandi deiliskipulagi eru skilmálar vegna mannvirkjagerðar sem miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda og gerðar verða enn frekari kröfur um vandaðan frágang við fyrirhugaðar framkvæmdir sem að mati Umhverfisstofnunar eru mjög góðar.

Hér er um að ræða viðbót við núverandi mannvirki. Ánægjulegt er að sjá að gerðar verða meiri kröfur um frágang en í deiliskipulagi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur